

VL 3.11 Áætlun gegn loftmengun**Tilgangur**

Tilgangur þessa skjals er að draga úr líkum á loftmengun, sem skapast kann vegna hráefnisgæða eða annarra lyktandi efna við vinnslu í fiskmjölsverkverksmiðjum fyrirtækisins.

Ábyrgð

Það er á ábyrgð verksmiðjustjóra að farið sé eftir þessum vinnuleiðbeiningum.

Hráefnisgæði

Það er stefna fyrirtækisins að framleiða hágæða afurð úr því hráefni, sem til verksmiðjanna berst. Það er gert með því að stýra löndun veiðskipa eftir vinnslugetu verksmiðjanna og að kæla strax við veiðar allt hráefni um borð í skipum fyrirtækisins. Ef þörf krefur er hráefni rotvarið við löndun.

Fari TVB-N í hráefni yfir 100 mg köfnunarefni í 100 g af holdi er það hráefni unnið með forgangi. Verksmiðjustjóri upplýsir bæjaryfirvöld, heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun um slík tilfelli.

Aukaafurðir frá fiskvinnslufyrirtækjum fyrirtækisins berast jöfnum höndum til verksmiðjanna. Aukaafurðirnar eru unnar jafnóðum.

Á Vopnafirði er aukaafurðum, þegar vinnsla á sér stað, fleytt í verksmiðju.

Á Akranesi er aukaafurðum úr uppsjávarvinnslu fleytt til verksmiðju en frá bolfisvinnslu fyrirtækisins eru aukaafurðir fluttar daglega í beinaverksmiðju.

Í Reykjavík er aukafurðum bolfiskvinnslu ekið á u.þ.b. 2 klst fresti frá Reykjavík í beinaverksmiðju fyrirtækisins á Akranesi.

Ef búast má við að vinnsla á aukaafurðum dragist meira en 3 daga, eru aukaafurðir rotvarðar við móttöku.

Hreinsun á útblæstri

Áætlað er, að allt útblástursloft frá verksmiðjunum fari í gegnum þvottatæki, sem fjarlægi að mestu mengandi efnum úr útblæstrinum.

Unnið er að áætlun um búnað fyrir loft úr vinnslurýmum verksmiðjanna. Áætlað er að setja upp búnað til að mynda undirþrýsting í vinnslurýmum og útblástur frá þeim búnaði fari í þvottatæki, sem eyðir mengandi efnum úr útblæstrinum. Gert er ráð fyrir að því verki verði lokið fyrir árslok 2015.

Útblástur frá þurrkurum verksmiðjanna fer í gegnum þvottatæki, sem eyðir mengandi efnum úr útblæstrinum.

Vinnsla í óhagstæðum vindáttum

Austlægar og norðlægar vindáttir eru hagstæðar til vinnslu bæði á Akranesi og Vopnafirði. Sé þess kostur er dregið úr vinnslu þá daga, sem áttir eru vestlægar. Ef sá kostur er ekki fyrir hendi er leitast við að vinna sem minnst lyktandi hráefni nema knýjandi nauðsyn beri til annars vegna ástand hráefnis. Í slíkum tilfellum gildir verklag fyrir meðferð hráefnis hér að ofan.

Takmörkuði vinnsla um helgar yfir sumarmánuði

Almennt gildir hjá fyrirtækinu að takmarka skuli yfir sumarmánuði eins og kostur er vinnsla um helgar.

Þar sem veiðar eru árstíðabundnar ákvarðast vinnsla í samræmi við göngur fiskistofna.

Rýni vinnuleiðbeininga

Vinnuleiðbeiningarnar eru hluti af FEMAS gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins. Þær eru sannreyndar með úttektum á verklagi og rýndar a.m.k. árlega í samræmi við rýni yfirstjórnar fyrirtækisins á verklagi og vinnuleiðbeinigum gæðastjórnunarkerfa fyrirtækisins.

Breytingar

Útgáfa 1, 22.09.14